

Stofnanasamningur

milli Félags sjúkraþjálfara og Landspítala um forsendur röðunar starfa
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar
og Félags sjúkraþjálfara hins vegar

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraþjálfara á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Sjúkraþjálfari A	022 - 031
Sjúkraþjálfari B	032 - 041
Sjúkraþjálfari C	041 - 061
Sjúkraþjálfari D	061 - 091
Sjúkraþjálfari E	071 - 091
Sérfræðingsstarf	091
Deildarstjóri.....	111

Framangreind röðun miðast við 240 ECTS grunnnám sjúkraþjálfara. Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði sjúkraþjálfara á Landspítala geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Vegna breytinga á starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brotnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Viðbótarnám sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 3 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir.....1 þrep

Meistarapróf2 þrep

Doktorspróf3 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að þremur álagsþrepum, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2.

5 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

6 Gildistaka


Samningur þessi gildir frá og með 1. mars 2013.

Reykjavík, 11. júní 2013


f.h. Landspítala


Aldis Magnúsdóttir

f.h. Félags sjúkraþjálfara


Rósa P. Guðmundsdóttir

Grétur Halldórsdóttir

Þósa Dagný Gunnarsdóttir

Helga Auður Jónsdóttir

ADK

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Sjúkrabjálfi A:

Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Sjúkrabjálfi B:

Kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Sjúkrabjálfi C:

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útteilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Sjúkrabjálfi D:

Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

D-s er staðgengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar.

D-k innleiðir nýjungar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi, og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknnum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglega úrlausn mála.

Sjúkrabjálfi E:

Sérfræðingur í tiltekinni fræðigrein á fagsviði starfs og hefur að öllu jöfnu meistaraþróf. Innleiðir nýjungar, stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á einingu í samráði við yfirmann. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu LSH. Metur árangur í starfsemi. Er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild,

sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Stýrir gæðastarfi og rannsóknarvinnu á deild, sviði eða stofnun í samráði við sviðsstjóra eða deildarstjóra. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum og innleiðir nýjungar í meðferð/þjónustu/fagi.

Sérfræðingsstarf:

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Deildarstjóri:

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, sbr. nánar starfslýsingu stofnunar.

05
106

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun – hámark 3 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum¹ eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt álagsþrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.
- **Meistarapróf** – Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur tveimur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launaflokka vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um eitt álagsþrep.
- **Doktorspróf** - Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur þremur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna mastersprófs hækkar hann um eitt álagsþrep við það að ljúka doktorsprófi.

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til mannauðsráðgjafa sviðs.

- a. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

¹ Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri eininga en sem nemur tveimur einingum á viku, og lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 2/3 ECTS ein..



Bókun 1

Skráning námskeiða og viðbótarþátta

Skráning á forsendum launaröðunar sjúkraþjálfara verður yfirfarin fyrir lok 1. september 2013.
Jafnframt skal röðun hvers og eins sannreynd sé þess óskað.

OK
ADh

Fundargerð

Samstarfsnefnd kl. 09:15
Eiríksgötu 5 R.vík, fundargerð: OG

Stéttarfélag sjúkráþjálfara

Dagsetning: 11.06.2013

Fundarmenn

Frá félagi: Ásta S. Guðmundsdóttir, Helga Auður Jónsdóttir, Grétar Halldórsson og Ása Dagný Gunnarsdóttir
Frá LSH: Aldís Magnúsdóttir og Oddur Gunnarsson

Fundargerð

Stofnanasamningur

Félagið sendi drög að samningi til fulltrúa félagsins á milli funda. Málið rætt.
LSH leggur fram ný drög á fundinum. Málið rætt.

Nýr stofnanasamningur aðila undirritaður.

Efnislegar breytingar með gerð þessa samnings eru einkum:

- Allir sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Félags sjúkráþjálfara hækka um einn launaflokk frá og með 1. mars 2013
- Fimm ára fyrningartími námskeiða í fylgiskjali 1 fellur niður
- Fjöldi eininga, þ.e. 30 ECTS, samsvarar 180 kennslustundum.

Jafnframt eru aðilar ásáttir um eftirfarandi:

Þegar um er að ræða námskeið sem eingöngu er haldið um helgi eða á rauðum dögum, skal starfsmaður fá einn frídag á móti ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- " að sótt sé um námskeiðið fyrirfram með venjulegum hætti
- " að um sé að ræða viðurkennt námskeið í sjúkráþjálfun sem nýtist í starfi að mati yfirmanns
- " starfsmaður hefði fengið launað leyfi frá störfum ef það hefði verið haldið á virkum dögum

Leyfið er að hámarki einn dagur á móti helgarnámskeiði en þó aldrei meira en sem nemur þeim tíma sem námskeiðið sjálft tekur (ef námskeiðið sjálft tekur t.d. aðeins 6 klst. þá verður aðeins veitt frí á móti sem nemur 6 klst.)

Leyfi þetta skal tekið sem fyrst, helst í næstu viku eftir námskeiðið að höfðu samráði við yfirmann.

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur verður ákveðinn síðar